

Staða og líðan ungra karlmannna í landsbyggðarsamfélagi

Anna Guðrún Edvardsdóttir, Rannsóknastjóri við Háskólann á Hólum
Óskar Kristjánsson, BA nemi í stjórn málafræði við Háskóla Íslands
Hugrún Harpa Reynisdóttir, forstöðumaður Nýheima þekkingarseturs,
Höfn í Hornafirði

ÚTDRÁTTUR: Umfjöllunarefni greinarinnar er staða og líðan ungra karlmannna í landsbyggðarsamfélagi og byggir á niðurstöðum rannsóknar sem framkvæmd var meðal íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði. Tekin voru einstaklingsviðtöl við aðila sem vinna með ungu fólki, rýnihópaviðtöl við unga karlmenn auk þess sem lögð var rafræn spurningakönnun fyrir ungt fólk árið 2021. Markmið hennar var að skoða á hvaða hátt samfélagsleg gildi og orðræða hafi áhrif á frammistöðu og líðan ungra karlmannna í því samfélagi sem þeir búa og hvernig það birtist í námsgengi þeirra, líðan og framtíðaráformum. Niðurstöður gefa til kynna að samfélagsleg gildi og orðræða um ríkjandi karlmennsku hefur áhrif á ungt fólk, sérstaklega unga karla. Það er í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að einstaklingar taka mið af umhverfi sínu og þeim gildum og viðmiðunum sem þar ríkja. Því er mikilvægt að huga að öllum íbúum og er það hlutverk samfélagsins alls að sjá um að ríkjandi gildismat sé ekki skaðlegt einstökum hópum þess.

LYKILORÐ: gildi, orðræða, kynjamunur, ungir karlmenn, landsbyggðarsamfélag, líðan, námsgengi, karlmennska, kvenleiki

ABSTRACT: The article deals with the topic of status and mental well-being of young males in a rural community. It is based on findings from research conducted in Hornafjörður municipality where interviews were conducted with people working with young adults, focus groups interviews with young males and a questionnaire presented for both young males and females in 2021. The aim was to investigate how community values and discourse affect young males' achievements, in particular their progress of study, mental well-being and future plans. Findings indicate that community values and discourse about dominant masculinity affect

young adults, especially young males and that is in line with other research which show that individuals are affected by the values and rules that are dominant in the community. Thus, it is important for a community to have all inhabitants in mind and see to that dominant values do not affect some groups negatively.

KEYWORDS: values, discourse, gender difference, young males, rural community, mental-well being, progress of study, masculinity, femininity

Inngangur

Niðurstöður íslenskra og erlendra rannsókna sýna að drengir standa höllum fæti í skólakerfinu. Þeir sýna almennt slakari lestrarkunnáttu, lakari námsárangur og fá lægri einkunnir en stúlkur (Areschoug, 2019; Gísli Gylfason og Gylfi Zoega, 2021; Guðrún Hálfánardóttir, 2019; Sigrún Jónatansdóttir o.fl., 2017; Stenseth og Bæck, 2021). Þá sýna rannsóknir að brottfall drengja úr framhaldsskóla er meira en stúlkna og meirihluti nemandanna í íslenskum háskólum eru konur eða á bilinu 70-80% og skiptir ekki máli hvort um er að ræða staðnám eða fjarnám (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2021; Gísli Gylfason og Gylfi Zoega, 2021; Stefán Árni Pálsson, 2020).

Ljóst er að skoða þarf námsgengi drengja í stærra samhengi þó svo að slakari lestrarfærni, lægri einkunnir og lakari námsárangur gefi ákveðnar vísbendingar um námsgengi til framtíðar. Taka þarf með í reikninginn það umhverfi og samfélag sem einstaklingur vex upp í, hvort sem það er sveit, bær eða borg, því einstaklingar „...taka mið af umhverfi sínu og þeim gildum og viðmiðunum sem fyrir eru“ (Þorgerður Einarsdóttir, 2010, bls. 30).

Fræðimenn hafa í auknum mæli skoðað tengslin á milli staðar (*e. place*), sjálfsmýndar (*e. identity*) og þeirrar brautar sem ungt fólk velur að feta og í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að staður er ekki einungis tengdur því svæði sem fólk býr á, heldur einnig hvernig fólk tengir og upplifir staðinn og hvaða merkingu hann hefur fyrir einstaklinginn (Areschoug, 2019; Connell, 2005; Edvardsdóttir, 2013; 2016). Samkvæmt Massey (1994) eru staður og rými kynjuð og endurspeglar og hafa áhrif á hvernig kyngervi (*e. gender*) er undirbyggt og skilið. Kyngervi vísar í hinar félagslegu og menningarlegu hugmyndir í samfélaginu og hefur þannig áhrif á sjálfsmýnd, viðhorf, skoðanir, gildismat, athafnir og hvernig við hugsum. Það samfélag sem við búum í grundvallast af þessum hugmyndum um kyngervi og tekur mið af því hvernig lítið er á og komið fram við einstaklinginn (Andersen, 2006; Maríanna Jónsdóttir Maríudóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannsson, 2018; Rósa Björk Guðnadóttir og Annadís Gréta Rúðolfsdóttir, 2019; Þorgerður Einarsdóttir, 2010). Þessu tengt eru svo hugtökin karlmennska (*e. masculinity*) og kvenleiki (*e. femininity*). Karlmennskan vísar til þess sem greinir karla frá konum og er tengd völdum karla og líkamlegum yfirburðum þeirra. Karlmennska er því ekki byggð á raunverulegri sjálfsmýnd karla og líffræðilegum mismun karla og kvenna heldur á þeim menningarbundna mismun sem greinir karla frá konum. Kvenleiki (*e. femininity*) vísar til þess sem greinir konur frá körlum og er tengdur valdaleysi og veikleika. Hugtakið kvenleiki felur í sér að hugtakið karlmennska virðst vera sterkara og karlmannlegra (Hermína Huld Hilmarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2021; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Kolbrún Hrud Sigurgeirsdóttir o.fl., 2019).

Í þessari rannsókn var rannsóknarsamfélagið sveitarfélag á landsbyggðinni en rannsóknir á slíkum samfélögum hafa sýnt að það eru einkum ungt fólk og konur sem flytja frá smærri samfélögum í þau stærri. Nefndar eru ýmsar ástæður fyrir flutningum; svo sem vegna náms, fjölbreyttari atvinnutækifæra og betri lífsgæða (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2013; 2021). Þá hafa rannsóknir einnig sýnt að ríkjandi gildismat í slíkum samfélögum er karllægt. Karllæg gildi hafa verið skilgreind sem regluveldi, íhaldssemi, stöðlun, áhættusækni, samkeppni, agi, mat, hlutlægni og formfesta en kvenlæg gildi sem umhyggja, sköpun, innsæi, þolinmæði, huglægni og óformleiki (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2004; Börkur Hansen og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2018; Kolbrún Hrud Sigurgeirsdóttir o.fl., 2019; Rósa Björk Guðnadóttir og Annadís Gréta Rúðolfsdóttir, 2019).

Sú rannsóknarspurning sem leitast var við að svara með rannsókninni er: Á hvaða hátt hafa samfélagsleg gildi og orðræða áhrif á frammistöðu og líðan ungra karlmannna í því samfélagi sem þeir búa og hvernig birtist það í námsgengi þeirra, líðan og framtíðaráformum?

Umfjöllunin byggir á rannsókn sem gerð var meðal ungs fólks í Sveitarfélaginu Hornafirði á árinu 2021 þar sem tekin voru einstaklingsviðtöl við aðila sem vinna með ungu fólki, rýnihópaviðtöl við drengi á aldrinum 18-20 ára og spurningakönnun sem lögð var fyrir ungt fólk á aldrinum 15-30 ára.

Karlmennska og kvenleiki

Lykilhugtök í umræðunni um kyngervi er karlmennska og kvenleiki. Þegar rætt er um kyngervi takast á tvenns konar sjónarmið; eðlishyggi sem gengur út á að karlar og konur séu í eðli sínu ólík og mótunarhyggi sem felur í sér að hugmyndir okkar um karlmennsku og kvenleika séu félagslega mótaðar og að það fari eftir aðstæðum hverju sinni hvað teljist karlmennska og hvað sé kvenleiki (Hermína Huld Hilmarisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2021; Marianna Jónsdóttir Mariudóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2018). Samkvæmt Connell (2006) vísar orðræðan um karlmennsku og kvenleika til þeirra eiginleika sem samfélagið hefur ákveðið að einkenni karla og konur. Með því að eigna körlum og konum ákveðna eiginleika sem eru ólíkir er verið að stilla þessum hugtökum upp sem andstæðum með ólíkt vægi „þar sem hið karllæga er yfirskipað hinu kvenlæga“ (Marianna Jónsdóttir Mariudóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2018, bls. 2). Connell (2015) telur einnig að skoða verði hugmyndir okkar á hugtökunum karlmennsku og kvenleika í sögulegu samhengi og segir að hugmyndir breytast eftir því hvernig heimurinn breytist. Það sem einkenndi hugmyndir um karlmennsku og kvenleika á nýlendutímanum er annað en á tímum alheimsvæðingar.

Þar sem hér er verið að skoða stöðu og líðan ungra karlmannna verður sjónum beint að hugmyndum um karlmennsku. Connell og Messerschmidt (2005) tala um að viðtekna karlmenskuhugmyndir (e. *hegemonic masculinity*) séu tvenns konar; annars vegar er það innri ríkjandi karlmennska en hér er um að ræða ákveðna forréttindastöðu sem sumir karlar búa yfir fram yfir aðra karla og ytri ríkjandi karlmennsku en þá er átt við þau stofnanabundnu yfirráð sem karlar hafa yfir konum. Þó svo að kynjakerfi samfélagsins byggji á þessum hugmyndum þá hefur það breyst og fleiri víddir eru nú viðurkenndar, svo sem umhyggjukarlmennska (e. *caring masculinity*) og inngildandi karlmennska (e. *inclusive masculinity*). Það virðist benda til þess að vægi hefðbundinna og íhaldssamra tegunda af karlmennsku hafi minnkað og að nú sé meira rými fyrir annars konar karlmennsku sem áður var undirskipuð og jaðarsett (Jóhannsdóttir og Gíslason, 2018; Marianna Jónsdóttir Mariudóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2018). Í þessu sambandi er vert að nefna að rannsóknir hafa sýnt að á sama tíma og konur hafa sótt í hefðbundin karlastörf virðist það ganga hægt fyrir karla að sækja í hefðbundin kvennastörf og námsáhugi og starfsáhugi ungs fólks sýnir kynjamun. Það birtist í því að stúlkur gefa störfum sem snúa að umhyggju ungra og sjúkra, svo sem kennslu og hjúkrun meira vægi en drengir frekar verkfræði- og tæknistörfum (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, 2004; Hermína Huld Hilmarisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2021).

Rannsóknir á karlmennsku hafa verið gerðar innan ýmissa fræðasviða. Má þar nefna rannsóknir í menntavísindum þar sem meðal annars er fjallað um námshegðun, frammistöðu og náms- og starfsáhuga en niðurstöður slíkra rannsókna sýna kynbundin mun (Connell og Messerschmidt, 2005; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Marianna Jónsdóttir Mariudóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2018). Karlmennska hefur einnig verið viðfangsefni rannsókna í afbrotufræði sem meðal annars sýndi að karlar eru líklegri en konur til að leiðast út í glæpi og að glæpir karla eru annars eðlis en kvenna. Í fjölmiðlarannsóknum voru þær myndir sem fjölmiðlar draga upp af ólíkum karlmenskuhugmyndum skoðaðar og í heilbrigðisrannsóknum hefur karlmenskuhugtakið verið notað til að skoða heilsutengda hegðun karla, svo sem áhættuhegðun þegar kemur að kynlífi. Í stofnana- rannsóknum beina rannsakendur sjónum sínum að kynjaðri stjórnunarhegðun og hlutverki þess við ákvarðanatöku. Hin kynjaða landfræðilega vídd og kynbundinn munur á körlum og konum innan

stjórnmalanna hafa einnig verið vettvangur fræðimanna svo fátt eitt sé nefnt (Connell og Messerschmidt, 2005).

Munur á milli þess hvernig karlmennska raungerist á alheimskvarða (e. *global scale*), svæðis- (e. *regional scale*), og staðbundnum kvarða (e. *local scale*) hefur einnig verið rannsökuð. Þeir fræðimenn sem beina sjónum sínum að orðræðu um karlmennsku á alheimskvarðanum einbeita sér að þáttum eins og alheimsfjölmíðlum, stjórnmalum og milliríkjavíðskiptum. Þegar kemur að svæðisbundinni orðræðu um karlmennsku snúast rannsóknir um menningu eða þjóðríkið út frá stjórnmalalegri orðræðu og lýðfræði en staðbundin orðræða um karlmennsku snýst um dagleg samskipti innan fjölskyldna og daglegt líf (Gustavsson og Riley, 2020). Slík nálgun tengist því að staður og umhverfi hafa áhrif á hvernig hugmyndir um karlmennsku raungerast.

Dreifbýliskarlmennska

Ein vídd sem tengist hugmyndum um karlmennsku er dreifbýliskarlmennska. Slíkri karlmennsku hefur verið stillt upp sem andstæðu við þéttbýliskarlmennsku (e. *urban masculinity*) og sú mynd sem dregin er upp af dreifbýlismanninum er að hann sé misheppnaður og sem slík er hún undirskipuð og jaðarsett (Bye, 2009). Sama má segja um hugtökin dreifbýli og þéttbýli þar sem hið fyrrnefnda er undirskipað og jaðarsett. Dahlström (1996) segir að dreifbýlið sé rými karlmannsins og hugmyndir okkar um karlmennsku taka mið af þessu og er dreifbýliskarlmaðurinn sagður vera hefðbundinn, ójafnréttissinnaður, afturhaldssamur, ómenntaður og óhæfur á meðan þéttbýliskarlmaðurinn er hæfur, jafnréttissinnaður, menntaður og framsýnn (Ambjörnsson, 2021; Areschoug, 2019).

Brottflutningur ungs fólks og kvenna af landsbyggðinni til stærri samfélaga hefur verið rannsóknarefni fræðimanna í langan tíma. Þær rannsóknir hafa sýnt að það eru einkum konur sem flytja en karlarnir verða eftir (Ambjörnsson, 2021; Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2013; Areschoug, 2019; Bye, 2009; Connell, 2015; Stenseth og Bæck, 2021). Orðræðan einkennist af því að „til þess að verða eitthvað“ þá þarftu að flytja í þéttbýlið og litið er á þá (karlar) sem ákveða að fara ekki sem viljalausa og óvirka gerendur í samfélaginu og í sínu eigin lífi en brottfluttir (konur) eru álitnir nútímalegir og virkir. Eftir því sem hugmyndir um karlmennsku breytast og meira rými er gefið fyrir annars konar karlmennsku, má skilja val þeirra karla sem ákveða að fara ekki sem val á lífsstíl og tengist hugmyndum um að í dreifbýlinu sé friður og ró, öryggi og betri tenging við náttúruna (Bye, 2009).

Slíkt leiðir okkur að hugmyndum um tengsl staðar og karlmennsku. Í því sambandi er umræðan um hvað sé viðeigandi og hvað ekki og þá hvernig sú flokkun verður hluti af sjálfsmynd einstaklingsins. Rannsóknir þessu tengt hafa einblínt á hvernig náttúra og líkami eru samofin reynslu og skilningi á staðnum og félagslegum tengslum. Í dreifbýli koma þessi tengsl fram í að sýna hugrekki, óttaleysi, hörku, vera í góðu líkamlegu formi og í hæfileikanum í að hunska óþægindi eða sársauka. Sannir karlmenn eru þeir sem ráða við öfgar í veðri og afskekkt og hrjóstrugt landslag og hafa stjórn á líkama, umhverfi og vélum. Í fljótu bragði sýnist myndun dreifbýliskarlmennsku vera mjög stíf en eins og áður sagði sýna rannsóknir að hugmyndir um karlmennsku eru að breytast og að réttara sé að tala um margs konar „karlmennskur“ (Bye, 2009).

Niðurstöður rannsókna Unnar Dísar Skaptadóttur (1996; 2000) sýna að konur starfa nær eingöngu í fiskvinnslu á meðan karlar sækja sjóinn. Aðrar rannsóknir styðja þetta og sýna að konur hafa því litla aðkomu að stjórnun og nýtingu náttúruauðlinda. Karlar eiga og stýra sjávarútvegsfyrirtækjunum og eru yfirleitt skráðir sem eigendur báta. Þar sem kvótæign er skráð á báta, hafa karlar það í hendi sér hvernig kvótinn er nýttur (Edvardsdóttir, 2013; Karlsdóttir og Ingólfssdóttir, 2011). Erlendar rannsóknir (Byrne, o.fl., 2013; Pini o.fl., 2014) sýna að þegar kemur að hvers konar auðlindanýtingu hafa konur takmarkaðan aðgang að ákvarðanatöku um nýtingu og stjórnun hennar. Hulda Proppé (2004) fjallar í grein sinni um rými, vald og andóf í íslenskum sjávarbyggðum um það félagslega rými sem hver einstaklingur hefur til þess að skilgreina sig. Það mótast meðal annars af kyni, umhverfi, heimilisaðstæðum og samfélagsgerð. Auk þess skapa stefnur og ákvarðanir

hins opinbera okkur ramma því þær skilgreina möguleika okkar til athafna. Í greininni segir Hulda orðrétt: „Fólk tekur þátt í að viðhalda og skapa það félagslega rými sem það býr í með daglegum athöfnum sínum. Í þeim felast aðgerðir sem tengja daglegt líf og vitund einstaklinga og hópa við félagslegt umhverfi sitt“ (bls. 295). Þeir þættir sem hafa áhrif á hvernig við högum okkar daglega lífi eru, meðal annars aldur, eigin skilningur á stöðu okkar, umhverfi og reynsla (Hulda Proppé, 2004).

Mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar orðræða um karlmennsku er skoðuð vegna þess að þetta eru þeir hlutir sem hafa áhrif á og viðhalda orðræðunni eins og hún er. Fólk hefur tilhneigingu til þess að taka þátt í þeirri orðræðu sem er alls staðar og skilgreinir hvernig hlutirnir eiga að vera og er oft notuð til réttlætningar og staðfestingar á ákveðinni stefnu (Hermína Huld Hilmarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2021; Hulda Proppé, 2004; Jóhannesdóttir o.fl., 2021).

Eins og fram kom hér að framan þá sýna rannsóknir að ríkjandi gildi í landsbyggðarsamfélögum eru karllæg (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2013). Dreifbýl samfélög breytast eins og önnur og sem viðbrögð við tæknivæðingu, efnahagslegri stöðu og félagslegum breytingum sem átt hafa sér stað opnast fleiri víddir til að endurskilgreina karlmennskuhugtakið og þá í tengslum við samfélagið. Rannsóknir á karlmönnum í dreifbýli sýna að þeirra sjálfsmynd er ekki eingöngu tengd því karlastarfi sem þeir gegna heldur eru þeir opnir fyrir annars konar nálgun, það er að karlar geti unnið „kvennastörf“, geti unnið hlutastörf og hafi háskólamenntun (Bye, 2009). Það leiðir að því líkum að með breyttum hugmyndum um karlmennsku í dreifðum byggðum muni gildismatið einnig breytast þar sem vægi kvenlægra gildi muni aukast.

Í þessu samhengi má nefna að í rannsókninni Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun, þar sem meðal annars sjónum var beint að Sveitarfélaginu Hornafirði, var töluvert rætt um það sem einkenndi það samfélag sem fólk byggði í, bæði í spurningakönnuninni og í rýnihópaviðtölunum. Þar kom fram að þátttakendur töldu sig búa í fjölskylduvænu og fjölmenningarlegu samfélagi þar sem jákvæðni, jákvæð samskipti, samheldni og samkennd væri ríkjandi en að umburðarlyndi væri lítið og að fordómar væru til staðar. Allt eru þetta gildi sem skilgreind hafa verið sem kvenlæg (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2004; 2021). Hvernig þessi niðurstaða snýr að ungu fólki, sérstaklega ungum karlmönnum í samfélaginu, var skoðað nánar í rannsókninni.



Mynd 1. Sveitarfélagið Hornafirður

Sveitarfélagið Hornafjörður

Árið 1998 sameinaðist Hornarfjarðarbær Borgarhafnarhreppi, Bæjarhreppi og Hofshreppi og mynduðu Sveitarfélagið Hornafjörð en fjórum árum áður höfðu Hafnarkauptún, Nesjahreppur og Mýrarhreppur sameinast í Hornarfjarðarbæ. Í Aðalskipulagi Hornarfjarðar 2012-2030 (2014) segir að sveitarfélagið „nær yfir alla Austur-Skaftafellssýslu, frá Skeiðarársandi í vestri til Lónsheiðar í austri, frá strönd í suðri að mærum nágrennasveitafélaga í fjalllendi og jöklum í norðri (bls. 13). Ljóst er að sveitarfélagið er víðfeðmt (Mynd 1). Sterk staða sjávarútvegs hefur átt mestan þátt í að treysta grundvöll atvinnulífs og byggðar í sveitarfélaginu en undanfarna áratugi hefur ferðaþjónusta verið vaxandi atvinnugrein en fjöldi ferðamanna heimsækir ýmsar náttúruperlur sem tilheyra sveitarfélaginu, svo sem Skaftafell og Jökulsárlón á Breiðamerkursandi (Sveitarfélagið Hornafjörður, e.d.).

Í sveitafélaginu eru íbúar samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands þann 1. janúar 2023, 2.547, þar af eru 1.347 karlar og 1.200 konur. Í sveitafélaginu þann 1. janúar 2023 bjuggu 740 erlendir ríkisborgarar sem eru tæplega 29% íbúa.

Þar sem rannsóknin náði til ungs fólks á aldrinum 15-30 ára sýnir taflan hér að neðan aldur og kyn þessa aldurshóps. Eins og taflan sýnir þá er stærsti hópurinn 26-30 ára og þar eru karlar í meirihluta. Næst fjölmennasti hópurinn eru einstaklingar 21-25 ára og þar eru konur ívíð fleiri. Í yngsta aldurshópnum sem könnunin náði til eru konur fleiri en alls tilheyra 165 þeim hópi.

Tafla 1. Mannfjöldi 15-30 ára í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Aldur	Karlar	Konur	Alls
15-20 ára	79	86	165
21-25 ára	123	139	262
26-30 ára	165	126	291

(Hagstofa Íslands, 2023a).

Aðferðafræði

Til þess að svara rannsóknarspurningunni var ákveðið að taka bæði einstaklings- og rýnihópaviðtöl og leggja fyrir ungt fólk rafræna spurningakönnun. Í rannsókninni var því beitt bæði eigindlegum og meginlægum aðferðum.

Einstaklings- og rýnihópaviðtöl

Val á viðmælendum fer yfirleitt fram á meðvitaðan hátt, þannig að viðmælendur sem valdir eru þjóna tilgangi rannsóknar og eru þar af leiðandi sérfræðingar í því sem spurt er um á einn eða annan hátt (Carmichael og Cunningham, 2017). Því var ákveðið að taka viðtöl við fulltrúa þeirra sem starfa með ungu fólki eða vinna á einhvern hátt að málefnum hópsins. Val á viðmælendum tók mið af því og voru fimm einstaklingsviðtöl tekin við þrjár konur og tvo karla en öll voru íslenskir ríkisborgarar. Þá voru tekin tvö rýnihópaviðtöl þar sem þátttakendur voru 11 ungir karlmenn, bæði íslenskir og af erlendum uppruna. Viðtölin voru tekin í apríl 2021. Einstaklingsviðtölin voru tekin í gegnum samskiptaforritið Zoom en rýnihópaviðtölin í húsnæði Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu á Höfn. Öll viðtölin voru hljóðrituð. Í viðtölunum var lögð áhersla á afslappað andrúmsloft á meðan þau fóru fram og viðmælendur voru hvattir til að segja það sem þeim bjó í brjósti ef þeim fannst það þjóna tilgangi rannsóknarinnar.

Með rýnihópum er verið að afla gagna frá hópi af völdum einstaklingum með það að markmiði að fá fram persónulega reynslu, skoðanir, viðhorf og sjónarhorn þátttakendanna til málefna sem eru mikilvæg fyrir markmið rannsóknarinnar. Lagðar eru fyrir opnar spurningar og þær ræddar í hópnum og má segja að rýnihópar liggi einhvers staðar á milli þess að vera fundur og samræður þar sem rannsakandi stýrir framvindunni og fylgist einnig með samspili einstaklinganna innan hóps-

ins (Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2006; Nyumba o.fl., 2017; Sim og Waterfield, 2019). Við upphaf viðtalanna var verkefnið kynnt fyrir þátttakendum, fjallað um framkvæmd og úrvinnslu og farið yfir leyfismál. Þá var þátttakendum gerð grein fyrir nafnleynd og þeim heitið trúnaði við vinnslu og meðferð gagna. Í töflu 2 kemur fram skipting viðtalanna eftir kyni.

Hvert viðtal var afritað og við greiningu viðtalanna var lögð áhersla á þemagreiningu. Með því að beita slíkri aðferð getur rannsakandi fundið þemu í viðtölunum, greint orðræðuna sem finna má í þeim og tengt það við þá fræðilegu umfjöllun sem rannsóknin byggir á og þá orðræðu sem fram kemur um stöðu og líðan ungra karlmannna í landsbyggðarsamfélagi (Charmichael og Cunningham, 2017).

Tafla 2. Þátttakendur í einstaklings- og rýnihópaviðtölum

Viðtöl	Karlar	Konur
Einstaklingsviðtöl	2	3
Rýnihópaviðtöl	11	0

Markmiðið var að rödd hvers og eins kæmi fram og því var sérstakur gaumur gefinn hvernig viðmælendur settu hlutina fram. Þemun sem komu fram í viðtölunum voru flokkuð og þöruð saman með það fyrir augum að svara rannsóknarspurningunni. Þau þemu sem fram komu í öllum viðtölunum voru: samfélagið í Sveitarfélaginu Hornafirði, nám, frammistaða og árangur í skóla, líðan og úrræði henni tengd og kynjahlutverk og viðhorf.

Rafræn spurningakönnun

Þó að rannsóknin beindist fyrst og fremst að ungu karlmönnum var ákveðið að leggja rafrænu spurningakönnunina fyrir allt ungt fólk í sveitarfélaginu á aldrinum 15-30 ára. Markmiðið með slíkri nálgun var að fá dýpri innsýn og fleiri sjónarhorn um rannsóknarefnið og kanna hvort fram kæmi kynjamunur um málefni ungs fólks.

Spurningakönnunin, sem lögð var fyrir ungt fólk í Sveitarfélaginu Hornafirði, var búin til í Survey Monkey sem er rafrænn vettvangur þar sem hægt er að búa til spurningakannanir á einfaldan hátt. Könnunin var nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til þátttakenda. Notast var við tilviljunarúrtak; þ.e. allir í þýðinu, sem eru íbúar í sveitarfélaginu á aldrinum 15-30 ára, áttu jafna möguleika á að taka þátt. Könnunin var auglýst á vefsíðu sveitarfélagsins og Facebook síðu Nýheima þekkingarseturs.

Við gerð spurningalistans voru niðurstöður einstaklings- og rýnihópaviðtala notaðar sem grunnur að spurningagerðinni. Byrjað var á að spyrja bakgrunnsspurninga, svo sem kyn, aldur og staða að vori 2021. Þá komu spurningar sem sneru að viðhorfi til menntunar, náms, vinnu með námi og hvort svarendur upplifðu álag í tengslum við vinnu og nám. Þriðji hluti spurningakönnunarinnar fjallaði um afþreyingamöguleika í sveitarfélaginu, félags- og íþróttastarf og hvort svarendur upplifðu álag í tengslum við slíka þátttöku. Spurningar um andlega líðan bæði í COVID-19 faraldrinum og eftir, upplifun jákvæðra og neikvæðra tilfinninga og vitneskja um og aðgengi að sálfræðiþjónustu í sveitarfélaginu komu þar á eftir. Spurt var um upplifun ungs fólks á viðhorfi til ungra karlmannna og kvenna í sveitarfélaginu og hvað þeim fyndist einkenna það samfélag sem þau búa í. Að lokum voru svarendur beðnir um að meta hvort vinnumarkaðurinn væri kynjaskiptur, framtíðaratvinnutækifæri og hvort að sveitarfélagið kæmi til greina sem framtíðarbúsetukostur.

Þátttakendur í könnuninni var ungt fólk á aldrinum 15–30 ára búsett og/eða með lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði. Könnunin var auglýst meðal ungs fólks og það hvatt til þátttöku. Opnað var fyrir könnunina í byrjun júlí og góð þátttaka var á fyrstu dögum eftir birtingu en dalaði þegar á leið.

Þátttaka í könnuninni olli nokkrum vonbrigðum því töluvert stór hópur ungs fólks (sjá töflu 1) býr í sveitarfélaginu en einungis 40 tóku þátt. Ástæður þessa geta m.a. legið í því að könnunin var

gerð að sumri til auk þess sem rannsóknir hafa sýnt að erfiðara gengur að fá ungt fólk til að taka þátt í könnunum af ýmsu tagi (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2021). Ljóst er þó að niðurstöðurnar gefa ákveðnar vísbendingar um stöðu og líðan ungs fólks, einkum ungra karlmanna í sveitafélaginu Hornafirði.

Konur voru í meirihluta svarenda eða tæplega 63%, karlar 35% og 3% sem kaus að gefa ekki upp kyn. Að auki var gefinn upp valmöguleikinn Annað en enginn merkti við hann. Þessi niðurstaða er í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að konur virðast vera viljugri og gefa sér tíma til að taka þátt í könnunum (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2021).

Niðurstöður

Þau þemu sem greind voru úr viðtölunum og mynduðu síðan grunn að einstökum spurningum í könnuninni eru sýnd í töflu 2. Í kaflanum verður gerð grein fyrir niðurstöðum viðtala og könnunarinnar.

Tafla 3. Þemu sem greind voru

Greind þemu	Innihald hvers þema
Samfélagið í sveitarfélaginu Hornafirði	Upplifun af samfélaginu, samfélagsþátttöku, atvinnutækifærum, félagsstarfi og afþreyingu
Nám, frammistaða og árangur í skóla	Upplifun af námi, áhuga, frammistöðu og árangri
Líðan ungs fólks	Upplifun af líðan ungs fólks með áherslu á líðan ungra karlmanna auk framboðs á úrræðum
Kynjahlutverk og viðhorf	Upplifun af viðhorfi og framkomu í garð kynjanna og kynskipt hlutverk, einkum á vinnumarkaði. Kynjamunur á frammistöðu í námi og brottfalli úr skóla

Samfélagið í sveitarfélaginu Hornafirði

Fyrsta þemað sem greint var laut að því hvað einkenndi samfélagið, framtíðarþættuáform, afþreyingu og íþrótt- og félagsstarf fyrir ungt fólk. Þegar svarendur í könnuninni voru spurðir hvað einkenndi samfélagið taldi meirihluti sig búa í jákvæðu og opnu samfélagi með fjölbreyttu atvinnulífi. Hins vegar töldu þátttakendur líka að lítið umburðarlyndi og fordómar væru til staðar og um 90% taldi slúður vera eitt af einkennunum. Þessi niðurstaða var í samræmi við rýnihópaviðtölin en þar var ungu karlmönnum tíðrætt um slúðrið og töldu það vera stærsta gallann á samfélaginu. Þeir yrðu töluvert varir við slúður og kjaftasögur sem gengju í samfélaginu. Undir þetta tóku viðmælendur í einstaklingsviðtölunum og bættu við að samfélagið væri sjávarútvegs- og ættarsamfélag þar sem karllæg gildi dreifbýliskarlmennsku væru einkennandi. Þátttakendur í rýnihópaviðtölunum töldu um að samfélagið væri opið og jákvætt og að fordóma væri helst að finna hjá eldri kynslóðum og meðal þess hóps væri umburðarlyndi lítið. Þessu til stuðnings bentu þeir á að vinahópar ungmenna væru fjölpjódlegir, auðvelt væri að fá vinnu og að framhaldsskólinn veitti ungu fólki tækifæri til þess að mennta sig í heimabyggð. Þá kom einnig fram að sterk vinnumenning skólafólks væri í samfélaginu, sérstaklega þegar kemur að sumarvinnu og lögð væri áhersla á að fá mikla og vel launaða vinnu. Þá upplifðu þátttakendur rýnihópaviðtalanna samfélagslegan þrýsting um að þeir ættu að vinna með skóla.

Þegar þátttakendur voru spurðir um framtíðarþættu taldi helmingur svarenda að sveitarfélagið kæmi til greina sem framtíðarþættukostur og voru ýmsar ástæður nefndar fyrir því, svo sem fjölskyldubönd, gott og opið samfélag og atvinnutækifæri. Þeir sem ekki sáu sveitarfélagið sem framtíðarþættukost nefndu ástæður eins og fá atvinnutækifæri og erfið fyrri lífsreynsla í samfélaginu.

Mikill meirihluti þátttakenda í spurningakönnuninni taldi litla afþreyingu vera til staðar fyrir ungt fólk, sérstaklega fyrir þá sem ekki stunduðu þær íþróttir sem væru í boði á vegum íþróttafélagsins Sindra og nefndu þátttakendur m.a. annars konar íþróttir, kaffihús, ýmis námskeið, tónlistarsmiðju og útivistarsvæði. Þessi niðurstaða var í samræmi við rýnihópaviðtölin en þar kom fram að miðað við stærð sveitarfélagsins þá væru afþreyingarmöguleikarnir góðir og ungt fólk þyrfti að taka málin í sínar eigin hendur og koma með eitthvað nýtt til að auka afþreyingu á staðnum. Mikill meirihluti svarenda í könnuninni voru virkir í einhvers konar félags- eða íþróttastarfi og þátttakendur fundu ekki fyrir álagi í tengslum við slík störf.

Nám, frammistaða og árangur í skóla

Þegar rýnt var í niðurstöður um menntun og nám, kemur í ljós að mikill meirihluti þátttakenda í spurningakönnuninni taldi að menntun væri mikilvæg og sáu svarendur tilgang með því námi sem þeir stunduðu. Næstum allir þátttakendur stefndu á áframhaldandi nám og flestir stefndu á háskólanám. Athygli vakti að svarendur voru með skýra sýn á það sem þeir ætluðu að læra í framtíðinni. Þeir sem ætluðu ekki í nám höfðu ekki þessa skýru framtíðarsýn. Sú niðurstaða var í samræmi við niðurstöðu rýnihópaviðtala, þar sem fram kom ánægja þátttakenda með Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) og námsframboðið í skólanum sem þeir töldu henta áformum þeirra til áframhaldandi náms. Þessi niðurstaða var hins vegar í ósamræmi við einstaklingsviðtölin en þar komu fram áhyggjur viðmælenda um hversu stór hópur sem stundaði nám í framhaldsskóla sjái ekki tilgang með náminu. Einnig sáu ungu karlmennirnir í rýnihópaviðtölunum mikilvægi skólans í samfélagslegu samhengi. Svarendur í könnuninni fundu ekki fyrir miklu álagi í námi sínu en meirihluti þeirra vann með námi og þær ástæður sem svarendur gáfu upp voru flestar fjárhagslegs eðlis. Þá fundu svarendur í könnuninni ekki fyrir álagi af því að vinna með námi og var sú niðurstaða í nokkru ósamræmi við niðurstöður einstaklings- og rýnihópaviðtala sem töldu að vinna með námi kæmi niður á frammistöðu í náminu. Í rýnihópaviðtölunum kom fram að ungir karlmenn upplifa samfélagslegan þrýsting á að þeir eigi að vinna, hvort sem það er með námi eða ekki og að þeir væru beinlínis hvattir til að fara að vinna við lok grunnskóla.

Þátttakendur í einstaklingsviðtölunum töldu það vera auðveldara fyrir drengi að fá vel launaða vinnu án menntunar heldur en stúlkur. Það þýddi að þeir skiluðu sér ekki í áframhaldandi nám, sérstaklega í háskólanám. Það sem skipti mál í þessu sambandi væru viðhorf heimilanna til náms og hvatning fá foreldrum.

Líðan ungs fólks

Þegar þátttakendur í spurningakönnuninni áttu að meta andlega líðan sína, tilfinningar, áhrif samfélagsmiðla á andlega líðan og um upplýsingar og aðgengi að sálfræðiþjónustu í sveitarfélaginu töldu þeir andlega líðan sína og vana sinna góða bæði í og eftir COVID-19 faraldurinn. Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við niðurstöður úr rýnihópaviðtölunum en þar kom fram að þeir ungu karlmenn sem þar tóku þátt upplifðu vanlíðan í COVID þegar takmarkanir voru í samskiptum. Þegar kom að því að meta upplýsingar um og aðgengi að sálfræðiþjónustu í sveitarfélaginu töldu þátttakendur spurningakönnunarinnar það vera slæmt, en þrátt fyrir þá niðurstöðu hafði um helmingur þátttakenda leitað sér aðstoðar vegna andlegrar heilsu en í litlum mæli innan sveitarfélagsins. Þessi niðurstaða var í samræmi við umfjöllun rýnihópanna þar sem fram kom að ungir karlmenn ræða ekki andlega líðan sína og eiga erfitt með að leita sér aðstoðar. Þeir töldu enn fremur að samfélagslegur þrýstingur og ákveðnar staðalímyndir væru ríkjandi um hvernig drengir eigi að vera og haga sér, t.d. að karlar gráta ekki og sýna ekki tilfinningar. Þátttakendur í rýnihópaviðtölum töldu slíkar staðalímyndir eiga uppruna sinn í samfélaginu og nefndu viðhorf heimila og uppeldi í þessu sambandi. Þeim fannst erfitt að komast út úr þessari staðalímynd karlmennskunnar sem þeim hafi verið innprentuð. Einnig kom fram að skólaganga og íþróttaiðkun hefðu jákvæð áhrif á andlega líðan en það sem hefði neikvæð áhrif væru kröfur sem þeir upplifðu að væri á ungt fólk í samfélaginu um að

standa sig í skóla, íþróttum og vinnu. Máli sínu til stuðnings nefndu þeir þá breytingu að nú sé nám til stúdentsprófs þrjú ár í stað fjögurra og við þessa breytingu hefði ungt fólk minna svigrúm til að sinna áhugamálum. Þá væri litið á þá sem ekki gætu lokið stúdentsprófi á þremur árum sem slaka námsmenn.

Í rýnihópaviðtölunum kom fram að upplýsingar um sálfræðiþjónustu væru ekki sýnilegar og erfitt væri að leita sér aðstoðar á heilsugæslu í heimabyggð, því óttinn við að allir myndu vita af því var mikill og hamlaði því að þeir leituðu sér aðstoðar. Þá vildu þeir síður ræða við einhvern sem væri búsettur á staðnum, svo sem starfsmann í skólanum eða heilsugæslunni af ótta við að persónuleg mál þeirra yrðu að bæjarlúðri, eða að viðkomandi þekkti sig eða fjölskyldu sína sem gerði aðstæður óþægilegar. Niðurstöður spurningakönnunarinnar sýndu sambærilegar niðurstöður.

Flestir þátttakendur í könnuninni upplifðu jákvæðar tilfinningar svo sem gleði og hamingju frekar en neikvæðar svo sem kvíða og þunglyndi. Það sem vakti hins vegar athygli var hversu stór hluti taldi sig upplifa þreytu. Sú niðurstaða var í samræmi við niðurstöður rýnihópaviðtala en þar töluðu ungu karlmennirnir um að þeir upplifðu þreytu en margir væru í námi, stunduðu vinnu og íþróttir líka, svo leiða má að því líkum að slíkt sé algengt meðal ungs fólks í samfélaginu.

Kynjahlutverk og viðhorf

Flestir þátttakendur í spurningakönnuninni töldu að viðhorf til ungs fólks væri hvorki jákvætt né neikvætt og mjög fáir töldu viðhorfið vera neikvætt. Þó voru fleiri sem töldu viðhorf til ungra karlmanna vera neikvæðara heldur en til ungra kvenna. Sú niðurstaða var ekki samhljóma niðurstöðum rýnihópaviðtala þar sem ungu karlmennirnir töldu að viðhorf til ungra kvenna væri neikvæðara heldur en til ungra karla. Í þessu sambandi nefndu þeir hina viðteknu karlmennsku sem birtist í mismunandi viðhorfi til kynlífshegðunar karla og kvenna en það fólst í því að það þætti töff ef drengir væru með mörgum stúlkum en litið niður á stúlkur sem væru með mörgum drengjum. Töldu þátttakendur að þessu viðhorfi væri viðhaldið af báðum kynjum.

Ungu karlmennirnir í rýnihópaviðtölunum töldu þó að meira traust væri borið til stúlkna í samfélaginu því viðhorf til stúlkna væri að þær væru þegar og ábyrgar. Máli sínu til stuðnings nefndu þeir að stúlkum gengi betur að fá húsnæði til árshátíðarhalds og sæju þær því um þá hluti og í fjáröflunum gengi stúlkum betur í sölumennskunni, drengjunum væri frekar neitað. Þeim fyndist því að krafa samfélagsins gagnvart stúlkum væri að þær ættu að vera prúðar og þegar, en að þeim fyndist þetta vera á undanhaldi í kjölfar „metoo“ byltingarinnar.

Samskipti kynjanna og ólíkur samskiptamáti þeirra var töluvert til umræðu í rýnihópunum en fram kom að vinahópar væru blandaðir af drengjum og stúlkum sem væri jákvætt. Þátttakendur gerðu að umtalsefni að stúlkurnar væru virkari í skipulögðu starfi, þær væru í fleiri ráðum og frekar í nemendafélagi FAS og því líklegri til að láta hlutina gerast. Þeir væru virkari í íþróttum heldur en stúlkur og þegar þær kæmust á unglingsaldurinn eða færu í framhaldsskólann, þá hættu þær íþróttaiðkun og hefðu því meiri tíma í annað. Þátttakendur upplifðu einnig að samskiptamáti kynjanna væri flókinn því drengir væru frekar einfaldir en stúlkur flóknar. Þær notuðu samfélagsmiðlana til samskipta frekar en drengir og þá upplifðu þeir að oft væri meira drama í kringum stúlkurnar sem ættu það til að bregðast illa við ef drengirnir væru ekki sammála þeim. Fyrir vikið voru þeir hættilir að segja skoðun sína til að forðast að fá skammir fyrir. Eitt sem þátttakendur rýnihópaviðtalanna nefndu sem mun á kynjunum var að ef drengjum líki ekki við hvor annan, þá segi þeir það bara hreint út og væru ekki að umgangast þá sem þeim líkaði ekki við. Hins vegar væru stúlkurnar meira að þykjast en töluðu svo illa um hvor aðra og látast vera vinkonur þegar þær væru fyrir framan viðkomandi. Þá sögðust þátttakendur alveg skilja að stúlkur tækju drengjum með fyrirvara í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur í samfélaginu í kjölfar „metoo“ byltingarinnar. Viðmælendur í einstaklingsviðtölunum gerðu að umtalsefni þennan mun í samskiptum og samskiptamáta kynjanna og voru sammála rýnihópaviðtölunum.

Meirihluti þátttakenda í spurningakönnuninni taldi að vinnumarkaðurinn væri ekki kynjaskiptur,

en í rýnihópaviðtölunum var það upplifun og reynsla ungu karlmannanna að slíkt væri til staðar. Í viðtölunum ræddu þátttakendur stöðu kynjanna á vinnumarkaði og ræddu sérstaklega um viðhorf samfélagsins til karla- og kvennastarfa. Sögðu þeir að það þætti töff ef kona færi í karlastarf en karlmenn ættu alls ekki að fara í kvennastörf. Að þeirra mati væri vinnumarkaðurinn kynjaskiptur og upplifðu þeir að ákveðin störf væru ætluð konum og önnur körlum og innan vinnustaða væri þessi skipting einnig til staðar. Máli sínu til stuðnings sögðu þátttakendur að drengir væru settir í líkamlega erfiðari störf og það væri fyrirfram ákveðið að stúlkur gætu ekki sinnt slíkum störfum. Þá væru stúlkur álitnar betri í þjónustustörfunum og þættu meira aðlaðandi en drengirnir, því væru drengirnir frekar settir í uppvaskið en stúlkurnar í móttökuna og salinn á hótelum og veitingastöðum. Enn fremur kom fram að erfiðara væri fyrir stúlkur að fá vinnu í iðngreinum, drengirnir gengju fyrir þar. Viðmælendur í einstaklingsviðtölunum tengdu þennan kynjamun við námsval og töldu drengina sækja meira í iðn- og tækninám á meðan stúlkurnar stefndu í nám á háskólastigi.

Umræður

Þegar rýnt er í niðurstöður einstaklings- og rýnihópaviðtala og spurningakönnunarinnar kemur í ljós að samfélagsleg gildi og orðræða um karlmennskuna hefur áhrif á frammistöðu og líðan ungs fólks, sérstaklega unga karlmenn. Í samfélaginu má segja að karllæg gildi og dreifbýliskarlmennska séu ríkjandi þar sem vald og líkamlegir yfirburðir eru í forgrunni. eru þessar niðurstöður í samræmi við bæði íslenskar og erlendar rannsóknir á dreifbýlissamfélögum (Ambjörnsson, 2021; Areschoug, 2019; Dahlström, 1996; Edvardsdóttir, 2013). Þessu til stuðnings vísuðu aðilar í viðtölunum til ólíkrar orðræðu til kynjanna á kynlífssviðinu, sterka vinnumenningu og orðræðuna um hefðbundin karla- og kvennastörf. Hins vegar kemur skýrt fram að þátttakendur í rýnihópaviðtölunum telja að það sé frekar eldra fólk í samfélaginu sem viðheldur þessum gildum, það yngra sé miklu frjálshlyndara og sveigjanlegra og þátttakendur í rýnihópaviðtölunum samsömuðu sig ekki við þessi gildi og gagnrýndu þau. Hins vegar sættu þeir sig við ríkjandi skipulag og taka þannig þátt í að viðhalda ríkjandi gildismati. Sú samfélagslega klemma sem ungir karlmenn virðast vera í er vísbending um að þeir séu opnir fyrir annars konar hugmyndum um karlmennsku en þá sem ríkjandi er og staðfestir sú niðurstaða aðrar íslenskar og erlendar rannsóknir (Bye, 2009; Jóhannsdóttir og Gíslason, 2018; María Jónsdóttir Maríudóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2018)

Eins og áður sagði ræddu þátttakendurnir í rýnihópaviðtölunum um hina sterku vinnumenningu sem virðist einkenna samfélagið sem þeir upplifa að beinist sérstaklega að ungum karlmönnum. Það þykir eðlilegt og mikilvægt að þeir vinni með námi, vinni mikið og í vel launuðu starfi. Þessu væru þeir ekki sammála, því mikið álag fylgdi því að vera í skóla, stunda íþróttir og vinnu, en þrýstingur frá samfélaginu gerði það að verkum að til að standa undir væntingum væru flestir að vinna. Þessi áhersla samfélagsins um mikilvægi þess að vinna má tengja við niðurstöður rannsókna um hugmyndir um að dreifbýliskarlmáðurinn sé hörkutól og í góðu líkamlegu formi sem víli ekkert fyrir sér (Bye, 2009). Þessi niðurstaða var ekki í samræmi við niðurstöðu úr spurningakönnuninni sem var á þá leið að lítið álag fylgdi því að vera í skóla, íþróttum og/eða vinnu. Hafa ber í huga að meirihluti svarenda í könnuninni voru ungar konur og getur það bent til þess að munur sé á kynjunum þegar álag er metið.

Upplifun ungra karlmannna er sú að ekki sé til staðar skilningur í samfélaginu á því mikla álagi sem er á ungu fólki, því ætlast er til að það standi sig vel á öllum þessum sviðum og nái árangri. Ljóst er því að ungu karlmennirnir virðast ekki tengja við hinar stífu hugmyndir um dreifbýliskarlmennsku (Bye, 2009). Í því ljósi er ekki undarlegt að þátttakendur í rýnihópaviðtölunum lýstu því yfir að þeir væru oft þreyttir og við slíkar aðstæður væri skólaganga og nám látið sitja á hakanum en rannsóknir sýna að helsta ástæða þess að nemendur, sérstaklega drengir, hætti í námi sé slök mæting (Gísli Gylfason og Gylfi Zoega, 2021; Sigrún Jónatansdóttir o.fl., 2021). Hér töldu aðilar að við heimilin væri að sakast því viðhorf og hvatning heimila til náms sé lykillinn að árangri í námi. Þátttakendur í rýnihópunum töldu að drengir væru hvattir til þess að fara að vinna á meðan viðmælendur í einstaklingsviðtölunum töldu drengi ekki sjá tilgang með náminu og tengdu það beint við heimilin.

Miðað við hversu mikla áherslu viðmælendur í einstaklingsviðtölunum lögðu á tilgangssleysi náms hjá drengjum kom það á óvart að þátttakendur í rýnihópaviðtölunum töldu svo ekki vera. Því má segja að slök mæting, brottfall og skipulagsleysi í námi megi frekar rekja til tímaskorts og þreytu vegna of mikils álags heldur en að þeir sjái ekki tilgang með náminu en flestir höfðu nokkuð skýra sýn á hvað þeir vildu taka sér fyrir hendur í framtíðinni. Sú niðurstaða kom á óvart þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að ástæður fyrir brottfalli drengja væru vegna skipulagsleysis og áhugaleysis á námi almennt (Gísli Gylfason og Gylfi Zoega, 2021; Stefán Árni Pálsson, 2020). Niðurstöður spurningakönnunarinnar styðja niðurstöður rýnihópaviðtalanna.

Andleg líðan og tilfinningar virðast ekki vera umræðuefni hjá drengjunum í rýnihópunum og töldu þeir að ýmsar staðalímyndir um hvernig drengir eigi að hegða sér hafi áhrif og voru viðmælendur einstaklingsviðtalanna sammála því. Í þessu viðhorfi birtist orðræðan um dreifbýliskarlmennsku sem virðist vera allsráðandi í samfélaginu; þ.e. drengir mega ekki sýna tilfinningar og alls ekki ræða þær. Það sé álitid veikleikamerki að leita sér aðstoðar vegna andlegrar líðan og eins og kom fram í rýnihópaviðtölunum eiga drengir bara „að vinna það af sér“ eins og einn þátttakandinn komst að orði.

Þessi orðræða styður við þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á dreifbýliskarlmennsku (Ambjörnsson, 2021; Areschoug, 2019; Bye, 2009) um þær viðteknu hugmyndir um hvernig dreifbýliskarlmaðurinn á að vera. Viðmælendur í einstaklingsviðtölunum töldu stúlkur leita sér fyrir aðstoðar, drengirnir gerðu það ekki fyrir en allt væri komið í óefni. Þá voru aðilar ósammála um aðgengi að aðstoð eða upplýsingum um úrræði vegna andlegrar líðan en þátttakendur í rýnihópunum voru sammála um að erfitt væri að leita eftir aðstoð og að upplýsingar um slíkt væru ekki sýnilegar en viðmælendur einstaklingsviðtala töldu svo vera. Niðurstöður úr spurningakönnuninni styðja hins vegar við upplifun þátttakendanna í rýnihópaviðtölunum um erfitt aðgengi að upplýsingum.

Þátttakendur í rýnihópaviðtölunum töldu að samfélagslegar kröfur um að drengir eiga að standa sig vel alls staðar hafi neikvæð áhrif á andlega líðan og erfitt sé að viðurkenna að geta ekki uppfyllt þær kröfur. Það virðist því vera að ungir karlmenn séu að reyna að standa undir ríkjandi orðræðu um hinn sterka karlmann sem þarf enga aðstoð en slík orðræða tengist hugmyndum um dreifbýliskarlmennsku (Ambjörnsson, 2021; Areschoug, 2019; Bye, 2009). Þessi atriði þarf að hafa í huga þegar skipuleggja þarf upplýsingagjöf og aðgengi að sálfræðilegri þjónustu þannig að ungir karlmenn upplifi það ekki sem veikleikamerki að leita sér aðstoðar og átti sig á því að því fyrir sem leitað er eftir aðstoð, því betra.

Aðilar voru sammála um að umfjöllun, framkoma og viðhorf til ungs fólks ætti að vera á jafnréttisgrundvelli. Þá voru aðilar sammála um að vinnumarkaðurinn væri kynjaskiptur, ólík viðhorf til kvenna- og karlastarfa væri til staðar og einnig væri kynjamunur í vali á námi þar sem stúlkur velja háskólanám og drengir iðn- og tækninám eða vinnumarkaðinn. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsókna um náms- og starfsval kynjanna og endurspeglar þá viðteknu dreifbýliskarlmennsku sem einkennir samfélagið (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, 2004; Hermína Huld Hilmarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2021; Bye, 2009). Birtingamynd þess er sú virðing sem borin er fyrir kvenna- og karlastörfum sem endurspeglast í því að þó að konur fari í karlastörf og karlar í kvennastörf, sé viðhorfið til slíks ekki það sama. Það þykir flott að konur fari í karlastörf en litið er svo á að karlar eigi ekki að fara í kvennastörf. Þessi skilaboð samfélagsins ýta undir það að ungir karlar leitist við að mennta sig innan hefðbundinna karlastarfa (Bye, 2009).

Að lokum voru báðir aðilar sammála um að ungt fólk sæi fyrir sér Sveitarfélagið Hornafjörð sem framtíðarþúsetukost sæi það fram á að geta fengið starf við hæfi eftir nám. Það bendir til að ungt fólk sé að hugsa um framtíð sína og mátar sig við ýmsar sviðsmyndir eftir því hvaða leið það velur. Samhljóm þegar kemur að kynjasjónarmiðum er að finna í niðurstöðum spurningakönnunarinnar.

Þó svo að rannsóknin hafi einungis verið framkvæmd í einu sveitarfélagi á Íslandi og að lágt svarhlutfall í spurningakönnuninni hafi valdið vonbrigðum gefur hún samt ákveðnar vísendingar um stöðu og líðan ungra karlmannna í landsbyggðasamfélagi. Að auki vekur hún upp ýmsar spurningar um málefni, ekki bara ungra karlmannna, heldur einnig ungs fólks í dreifðum byggðum landsins.

Lokaorð

Í upphafi rannsóknarinnar var sett fram rannsóknarspurningin: Á hvaða hátt hafa samfélagsleg gildi og orðræða áhrif á frammistöðu og líðan ungra karlmannna í því samfélagi sem þeir búa og hvernig birtist það í námsgengi þeirra, líðan og framtíðaráformum? Spurningar í könnuninni voru mótaðar til að svara þessari rannsóknarspurningu en einnig voru niðurstöður einstaklings- og rýnihópaviðtala nýttar við spurningagerðina. Með því vildu rannsækendur skoða hvort munur væri á svörum þeirra sem tóku þátt í viðtölunum og þeirra sem svöruðu spurningakönnuninni. Þá beindist spurningakönnunin einnig að ungum konum í sveitarfélaginu og var það meðal annars gert til að kanna hvort mismun væri að finna í svörum eftir kyni. Mikinn samhljóm er að finna í svörum úr einstaklings- og rýnihópaviðtölunum og spurningakönnuninni. Sá munur sem kom fram á milli kynja birtist helst í orðræðunni um andlega líðan.

Svarið við rannsóknaspurningunni er að hin samfélagslegu karllægu gildi og orðræða hafa áhrif á frammistöðu og líðan ungs fólks, sérstaklega unga karlmenn. Þær hugmyndir um karlmennsku sem virðast vera ríkjandi í þessu sveitarfélagi falla undir hugmyndir um dreifbýliskarlmennsku þar sem sjálfsmynd karla er tengd hefðbundnum karlastörfum, hefðbundnum viðhorfum til kynjanna og leggur áherslu á hinn sterka karlmann sem ber ekki líðan og tilfinningar sínar á torg. Þessi niðurstaða er í samræmi við það sem Massey (1994) sagði um tengsl staðar og sjálfsmyndar, það er að staður er kynjaður og þar mótast kyngervi og hugmyndir um karlmennsku og kvenleika. Þetta kemur fram í viðhorfi, skoðunum og líðan ungra karlmannna og er í samræmi við þær fjölmörgu rannsóknir sem vitnað var til í greininni.

Þátttakendur sjá bæði kosti og galla við samfélag sitt og eru gagnrýnir á það. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að ungir karlmenn viðhaldi ríkjandi karllægu gildismati samfélagsins og hugmyndum um dreifbýliskarlmennsku með því að reyna að standa undir þeim væntingum sem gerðar eru til þeirra, þó svo að þeir séu ekki sammála þeim. Það bendir til að samfélagið sé að breytast og að ný kynslóð ungra karlmannna sé opnari fyrir öðrum tegundum af karlmennsku; svo sem umhyggjukarlmennsku. Þeir þurfa hins vegar að fá rými til þess að raungera þessar karlmenskuhugmyndir og mikilvægt er að samfélagið skapi rými fyrir ungt fólk til þess að vinna að sínum málum og að raddir þeirra fái að heyrast í samfélaginu. Það væri hægt að gera með því að samfélagið í heild sýni málefnum ungs fólks meiri áhuga og tengi sig meira við ungt fólk og þeirra málefni.

Að því sögðu er ljóst að samfélagsleg gildi og orðræða hafa áhrif á frammistöðu og líðan ungs fólks í því samfélagi sem þau búa en ungir karlmenn virðast frekar finna fyrir því en ungar konur. Birtist þetta í orðræðunni um þá vinnumenningu sem virðist vera ríkjandi í samfélaginu; þ.e. ungt fólk vinnur með námi og stundar íþróttir eða félagsstarf og krafan er um að standa sig vel í því sem þau taka sér fyrir hendur. Birtingarmynd þessarar kröfu er að unga fólkið er þreytt sem bendir til þess að það hafi of mikið á sinni könnu og upplifi álag sem virðist koma fyrst og fremst fram í námi. Ungir karlmenn virðast upplifa að þessi krafa sé meiri gagnvart þeim en ungum konum og er það í samræmi við það karllæga gildismat sem er ríkjandi í samfélaginu og tengist hugmyndum um dreifbýliskarlmennsku.

Þegar kemur að orðræðunni um andlega líðan eru niðurstöður rýnihópaviðtala þar sem einungis var rætt við unga karlmenn og spurningakönnunarinnar ekki samhljóma. Ungum karlmönnum líður oft illa en í samræmi við samfélagslega orðræðu um dreifbýliskarlmennsku ræða þeir þessi mál ekki, telja að almennt geri karlmenn það ekki og vita ekki hvert þeir geta leitað. Þess vegna þurfa upplýsingar og aðgengi að sálfræðiþjónustu að vera skýrar og taka þarf tillit til að vegna samfélagslegrar orðræðu standi unga fólkinu til boða að leita annað eftir aðstoð. Ungu fólkið er hrætt við slúðrið sem þau telja að sé eitt aðaleinkenni samfélagsins en rannsóknir hafa sýnt að það sé eitt einkenni lítilla samfélaga (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2021; Jóhannesdóttir o.fl., 2021; Jóhannesdóttir og Skapta-dóttir, 2023). Óttinn við að lenda á milli tannanna á fólkinu í samfélaginu og að standa ekki undir þeirri karlmennsku sem ríkjandi er veldur því að ungir karlmenn leita sér síður aðstoðar.

Ljóst er þó að ungt fólk upplifir samfélag sitt sem opið og jákvætt og sér sveitarfélagið sem fram-

tíðarbúsetukost einmitt vegna þessara jákvæðu gilda sem þar ríkja. Það sér það sem betur mætti fara en finnur ekki farveginn til að koma skoðunum sínum á framfæri. Einnig hefur unga fólkið skýra framtíðarsýn og veit nokkuð hvaða stefnu það vill taka í lífinu og er í mörgum tilfellum búð að finna það sem það vill læra eða starfa við í framtíðinni. Þetta á jafnt við um unga karlmenn og konur.

Þakir

Verkefnið var styrkt af Atvinnu- og rannsóknasjóði Sveitarfélags Hornafjarðar og Nýsköpunarsjóði námsmanna og þakka höfundar veittan stuðning.

Heimildaskrá

- Ambjörnsson, E. L. (2021). Performing female masculinities and negotiating femininities: challenging gender hegemonies in Swedish forestry through women's networks. *Gender, Place and Culture* 28(11), 1584-1605. <https://doi.org/10.1080/0966369X.2020.1825215>
- Andersen, M. L. (2006). *Thinking about women. Sociological perspectives on sex and gender*. 7. útg. Boston, Pearson.
- Anna Guðrún Edvardsdóttir. (2004). Er gildismat íslenskra skólastjóra ólíkt eftir kynferði?. *Tímarit um menntarannsóknir* nr. 1, 71-82.
- Anna Guðrún Edvardsdóttir. (2021). Staðbundin áhrif og hlutverk þekkingarsetra í nýsköpun og atvinnuþróun byggða. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*, 1-18. <https://doi.org/10.24270/netla.2021.3>
- Areschoug, S. (2019). Rural failures. *Boyhood Studies* 12(1), 76-96. <http://doi:10.3167/bhs.2019.20106>
- Bye, L. M. (2009). 'How to be a real man': Young men's performances and negotiations of rural masculinities. *Journal of Rural Studies* 25, 278-288. <https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2009.03.002>
- Byrne, A., Duvvury, N., Macken-Walsh, A. og Watson, T. (2013). Gender, power and property: "In my own right". A RERC Working paper series.
- Sótt af <https://t-stor.teagasc.ie/bitstream/handle/11019/678/gender%2c%20power.pdf?sequence=1&isAllowed=y>
- Börkur Hansen og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2018). Grunnskólastjórar á öndverðri 21. öld: Hlutverk og gildi. *Tímarit um uppeldi og menntun* 27(2), 111-133. <https://doi.org/10.24270/tuom.2018.276>
- Charmichael, T., og Cunningham, N. (2017). Theoretical data collection and data analysis with gerunds in constructivist grounded theory study. *The Electronic Journal of Business Research Methods* 15(2), 59-73. www.ejbrm.com
- Connell, R. W. (2015). Masculinities: the field of knowledge. Í Stefan Holacher (ritstj.), *Configuring masculinity in theory and literary practice* (bls. 39-52). EBook: Brill. https://doi.org/10.1163/9789004299009_004
- Connell, R. W. (2005). Growing up masculine: rethinking the significance of adolescence in making of masculinity. *Irish Journal of Sociology* 14(2), 11-28. <https://doi.org/10.1177/079160350501400202>
- Connell, R. W. (2006). Understanding men: Gender sociology and the new international research on masculinities. Í Christine Skelton, Becky Francis og Lisa Smulyan (ritstj.), *The SAGE handbook on gender and education* (bls.13-31). London, SAGE
- Connell, R. W., og Messerschmidt, J. (2005). Hegemonic masculinity: Rethinking the concept. *Gender & Society* 19(6), 829-859. <https://doi.org/10.1177/0891243205278639>
- Dahlström, M. (1996). Young women in male periphery-Experiences from the Scandinavian north. *Journal of Rural Studies* 12(3), 259-271. [https://doi.org/10.1016/0743-0167\(96\)00018-6](https://doi.org/10.1016/0743-0167(96)00018-6)
- Edvardsdóttir, A. G. (2013). Place and space for women in a rural area in Iceland. *Education in the North*, 20(Special Issue), 71-82. <https://doi.org/10.26203/a37f-eh52>
- Gísli Gylfason og Gylfi Zoega. (2021). Um pílta og stúlkur í íslenska menntakerfinu. *Tímarit um uppeldi og menntun* 30(2), 135-165. <https://doi.org/10.24270/tuom.2021.30.11>
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2004). Ólík hugsun um störf eftir kynferði. *Rannsóknir í félagsvísindum V* (ritstj. Úlfar Hauksón). Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004, 193-206
- Guðrún Hálfðánardóttir. (2019). Staða íslenskra drengja enn verri en áður. *Mbl.is*. Sótt í nóvember 2023 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/12/03/stada_islenskra_drengja_enn_verri_en_adur/
- Gustavsson, M., og Riley, M. (2020). (R)evolving masculinities in times of change among small-scale fishers in North Wales. *Gender, Place and Culture* 27(2), 196-217. <https://doi.org/10.1080/0966369X.2019.1609914>
- Hagstofa Íslands. (2023a). Mannfjöldi 15-30 ára í sveitarfélaginu Hornafirði eftir kyni. Sótt í júní 2023 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02005.px/table/tableViewLayout2/
- Hagstofa Íslands. (2023b). Erlendir ríkisborgarar búsettir í Sveitarfélaginu Hornafirði. Sótt í júní 2023 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN10001.px
- Hermína Huld Hilmarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2021). „Margir ungir karlmenn vita ekki að það er hægt að vera karlkyns sjúkraliði“. Áskoranir og tækifæri í starfi karlkyns sjúkraliða. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*, 1-14. <https://doi.org/10.24270/netla.2021.8>
- Hulda Proppé. (2004). Hér er ég, bara kyngdu því – rými, vald og andóf í íslenskum sjávarbyggðum. Í Irma Erlingsdóttir (ritstj.) *Kynjafræði – kortlagningar*, (bls.293-312). Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum. Reykjavík, Háskólaútgáfan

- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Jóhannesdóttir, G. B., Bjarnason, T., Stockdale, A., og Haartsen, T. (2021). What's love got to do with it? Love-life gossip and migration intentions in rural Iceland. *Journal of Rural Studies* 87, 236-242. <https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2021.09.019>
- Jóhannesdóttir, G. B., og Skaptadóttir, U. D. (2023). 'You don't want to be one of those stories'. Gossip and shame as instruments of social control in small communities. *NORA-Nordic Journal of Feminist and Gender Research* 31(4), 323-334. <https://doi.org/10.1080/08038740.2023.2228797>
- Jóhannesdóttir, Á., og Gíslason, I. V. (2018). Young Icelandic men's perception of masculinities. *Journal of Men's Studies* 26(1), 3-19. <https://doi.org/10.1177/1060826517711161>
- Karlsdóttir, A., og Ingólfur Jóhannesson, A. H. (2011). Gendered outcomes of socio-economic restructuring: a tale from a rural village in Iceland. *NORA-Nordic Journal of Feminist and Gender Research* 19(3), 163-180. <https://doi.org/10.1080/08038740.2011.594029>
- Kolbrún Hrud Sigurgeirsdóttir, Þórður Kristinsson og Þorgerður J. Einarisdóttir. (2019). Kynlífsmenning framhaldsskólanna frá sjónarhóli ungra karla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*, 1-18. <https://doi.org/10.24270/netla.2019.9>
- Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Rýnihópar og rannsóknir í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa* 1, 75-82.
- Marianna Jónsdóttir Mariudóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. Kyngervi kennara í augum foreldra: Mótsagnakenndar kröfur. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*, 1-15. <https://doi.org/10.24270/netla.2018.6>
- Massey, D. (1994). *Space, place and gender*. University of Minnesota Press, Minneapolis.
- Nyumba, T. O., Wilson, K., Derrick, Ch. og Mukherjee, N. (2017). The use of focus group discussion methodology: Insight from two decades of application in conservation. *Methods in Ecology and Evolution* 9, 20-32. <https://doi.org/10.1111/2041-210X.12860>
- Pini, B., Moletsane, R. og Mills, M. (2014). Education and the global rural: Feminist perspective. *Gender and Education*, 26(5), 453-464. <https://doi.org/10.1080/09540253.2014.950016>
- Rósa Björk Guðnadóttir og Annadís Gréta Rúðolfsdóttir. (2019). „Konur eru með breiðari faðm“: Kynjuð sýn skólastjóra á grunnskólakennarastarfið. *Tímarit um uppeldi og menntun* 28(1), 43-62. <https://doi.org/10.24270/tuum.2019.28.3>
- Sim J., og Waterfield, J. (2019). Focus group methodology: Some ethical challenges. *Quality and Quantity* 53, 3003-3022. <https://doi.org/10.1007/s11135-019-00914-5>
- Sigrún Jónatansdóttir, Krisján Ketill Stefánsson, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2017). Má rekja mun á leskilningi kynjanna til mismikillar þátttöku í skólastarfi? *Tímarit um uppeldi og menntun* 26(1-2), 87-109.
- Skaptadóttir, U. D. (1996). Gender construction and diversity in Icelandic fishing communities. *Anthropologica* 38(2), 271-287. <https://doi.org/10.2307/25605842>
- Skaptadóttir, U. D. (2000). Women coping with changes in an Icelandic fishing community: A case study. *Women's Studies International Forum* 23(3), 311-321. [https://doi.org/10.1016/S0277-5395\(00\)00089-3](https://doi.org/10.1016/S0277-5395(00)00089-3)
- Stefán Árni Pálsson. (2020). Upplifir algjöra þöggun um stöðu drengja í skólakerfinu. *Vísir.is*. Sótt í september 2023 af <https://www.visir.is/g/20202009592d/upplifir-algjora-thoggun-um-stodu-drengja-i-skolakerfinu>
- Stenseth, A. M., og Bæck, U-D. K. (2021). Being able to stay or learning to stay: A study of rural boys' educational orientation and transition. *Journal of Applied Youth Studies* 4, 15-30. <https://doi.org/10.1007/s43151-021-00038-4>
- Sveitarfélagið Hornafjörður (2014). Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030. Sótt í september 2023 af <https://www.hornafjordur.is/media/skjol/Greinagerd-adalskipulags.pdf>
- Sveitarfélagið Hornafjörður. (e.d.). Saga sveitarfélagsins Hornafjarðar. Sótt í desember 2023 af <https://www.hornafjordur.is/mannlif/baerinn/saga-hornafjarðar/>
- Þorgerður Einarisdóttir. (2010). Kreppur og kerfishrun í ljósi kyngerva og þegnrettar. *Íslenska þjóðfélagið*, nr. 1 (2010), 27-48.

Um höfunda

ANNA GUÐRÚN EDVARSDÓTTIR (arun@holar.is) er rannsóknastjóri Háskólans á Hólum. Hún lauk doktorsgráðu í félagsfræði menntunar frá menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2016.

ÓSKAR KRISTJÁNSSON (osk11@hi.is) er BA nemi í stjórnmálafræði við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

HUGRÚN HARPA REYNISDÓTTIR (hugrunharpa@nyheimar.is) er forstöðumaður Nýheima þekkingarseturs á Höfn í Hornafirði. Hún lauk meistarafráðu í umhverfis- og auðlindafræði frá Háskóla Íslands árið 2016.